



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2025-060U023**

Dagsetning: **3. desember 2025**

Staðsetning: **Fjarðarheiði**

Atvik: **Framanákeyrsla**


Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 3. desember 2025 var Lexus fólksbifreið ekið vestur Seyðisfjarðarveg. Á sama tíma var Toyota RAV4 fólksbifreið ekið austur veginn úr gagnstæðri átt. Ökumaður Toyota bifreiðarinnar missti stjórn á bifreiðinni í vinstri beygju. Þegar hann náði stjórn á henni á ný var bifreiðin komin yfir á gagnstæðan vegarhelming og lenti framan á Lexus bifreiðinni. Farþegi í aftursæti Lexus bifreiðarinnar lést í slysinu.

1. Helstu staðreyndir

1.1 Staðsetning



Mynd 1. Slysið varð á Fjarðarheiði á vegkafla sem kallast Efri-Stafdalur.

1.2 Helstu upplýsingar

Látinn:

87 ára karl.

Veður og birta:

Austan 10 m/s, hiti -3°C , gekk á með éljum.

Vegur:

Bundið slitlag (klæðing), snjór og hálka. Hámarkshraði 90 km/klst. Leiðbeinandi hámarkshraði var 60 km/klst. Meðaltalsumferð á sólarhring (ÁDU) var 700 ökutæki árið 2025.

Tími sólarhrings:

Tilkynnt klukkan 14:00.

Ökutæki:

Lexus RX400H, fólksbifreið, nýskráð árið 2007 og Toyota RAV4, fólksbifreið, nýskráð árið 2024.

1.3 Atvikalýsing

Lexus RX400H fólksbifreið var ekið vestur Seyðisfjarðarveg, þjóðveg nr. 93, á Fjarðarheiði í átt til Egilsstaða (mynd 1). Auk ökumanns voru þrír farþegar í bifreiðinni, einn í framsæti og tveir í aftursæti.

Toyota RAV4 bifreið var ekið austur Seyðisfjarðarveg, úr gagnstæðri átt. Auk ökumanns voru þrír farþegar í Toyota bifreiðinni, einn í framsæti og tveir í aftursæti. Bifreiðarnar skullu saman í framanákeyrslu eftir að Toyota bifreiðin fór yfir á gagnstæðan vegarhelming (mynd 2).

Slysið var tilkynnt til lögreglu kl. 14:00 og viðbragðsaðilar fóru á vettvang. Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar tilkynnti Rannsóknarnefnd samgönguslysa um slysið kl. 14:27.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af slysstað sem sýnir akstursstefnur bifreiðanna og staðsetningu þeirra eftir slysið.

1.4 Áverkar

Í Lexus bifreiðinni voru ökumaður og þrír farþegar. Allir voru spenntir í öryggisbelti. Farþegi í vinstra aftursæti hlaut fjörláverka og lést af völdum þeirra. Farþegi í hægri aftursæti var lagður inn á sjúkrahús vegna áverka sem hann hlaut í slysinu. Ökumaður og farþegi í framsæti slösuðust ekki alvarlega. Í Toyota bifreiðinni voru ökumaður og þrír farþegar. Allir voru spenntir í öryggisbelti. Þeir slösuðust ekki alvarlega.

1.5 Ökutækin

Báðar bifreiðarnar voru teknar til bíltæknirannsóknar. Þær voru í óökuhæfu ástandi eftir áreksturinn. Ekkert í niðurstöðum bíltæknirannsóknarinnar benti til þess að rekja mætti orsakir slyssins til ástands bifreiðanna.

Lexus RX400H fólksbifreið

Lexus bifreiðin var fimm dyra tvinnbifreið, bensín- og rafknúin. Hún var nýskráð í júní 2007. Bifreiðin átti næstu aðalskoðun í janúar 2026 og var með gilda skoðun þegar slysið varð. Eigin þyngd bifreiðarinnar var 2.020 kg og leyfð heildarþyngd 2.505 kg. Hún var 1,85 m á breidd og 4,76 m á lengd. Bifreiðin var á negldum vetrarhjólbörðum og skráð í notkunarflokkinn „Almenn notkun“.

Toyota RAV4 fólksbifreið

Toyota bifreiðin var fimm dyra tvinnbifreið, bensín- og rafknúin. Hún var nýskráð í júlí 2024. Bifreiðin átti næstu aðalskoðun í maí 2027 og var með gilda skoðun þegar slysið varð. Eigin þyngd bifreiðarinnar var 1.753 kg og leyfð heildarþyngd 2.225 kg. Hún var 1,86 m á breidd og 4,60 m á lengd. Bifreiðin var á negldum vetrarhjólbörðum og skráð í notkunarflokkinn „Ökutækjaleiga“.



Mynd 3. Til vinstri á myndinni er Toyota bifreiðin og Lexus fólksbifreiðin til hægri.

1.6 Ökuhraði

Ökuhraði Lexus bifreiðarinnar

Samkvæmt álestri úr loftpúðatölvu bifreiðarinnar þá var Lexus bifreiðinni ekið á 28 km/klst hraða við áreksturinn.

Ökuhraði Toyota bifreiðarinnar

Samkvæmt álestri úr loftpúðatölvu bifreiðarinnar þá var Toyota bifreiðinni ekið á 34 km/klst hraða við áreksturinn.

1.7 Vegur og umhverfi

Vegurinn þar sem slysið varð var með eina akrein í hvora akstursátt. Hámarkshraði á veginum var 90 km/klst, en leiðbeinandi hámarkshraði 60 km/klst vegna beygju. Báðum megin við slysstað voru umferðarmerki um leiðbeinandi hámarkshraða 60 km/klst, auk varúðarmerkja um hættulegar beygjur. Vestan við slysstað var einnig viðvörunarmerki um bratta brekku upp, þar sem varað var við 10% halla. Merkið var þó staðsett við akreinina niður af heiðinni (mynd 4).

Vegurinn var snævi þakinn og háll. Vegmerkingar voru huldar vegna snjóhulu. Vegurinn var í vetrarþjónustu samkvæmt reglu A og var þjónustaður daglega. Snjóruðningar voru í vegköntum og var hæð þeirra á bilinu 0,6 til 1,0 m. Hiti var -3°C og gekk á með éljum.

Seyðisfjarðarvegur, vegur 93, yfir Fjarðarheiði er stofnvegur með bundnu slitlagi. Vegurinn tengir saman Seyðisfjörð og Egilsstaði. Núverandi vegur er um 27,3 km langur (mynd 5) og liggur hæst í um 620 m hæð yfir sjávarmáli. Breidd vegarins á slysstað var um 8 m.



Mynd 4. Umferðarmerki á Seyðisfjarðarvegi (til austurs). Til vinstri 102.2 Hættulegar beygjur og 812 Leiðbeinandi hámarkshraði. Til hægri 104.1 Brött brekka upp.



Mynd 5. Seyðisfjarðarvegur er 27,3 km að lengd og tengir saman Egilsstaði og Seyðisfjörð.

1.8 Áfengis- og lyfjarannsókn

Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknar á ökumönnum var neikvæð.

2. Greining

2.1 Framanákeyrsla

Samkvæmt frásögn ökumanns og farþega í framsæti Lexus fólksbifreiðarinnar kom bifreið á móti þeim á gagnstæðum vegarhelmingi. Ökumaður Lexus bifreiðarinnar kvaðst hafa reynt að sveigja til hægri, út í snjóruðning við vegkantinn, til að forðast árekstur (mynd 2).

Að sögn ökumanns Toyota bifreiðarinnar missti hann stjórn á bifreiðinni í beygju á veginum. Hann kvaðst hafa náð stjórn á henni á ný, en þá verið kominn yfir á rangan vegarhelming. Lexus bifreiðin kom þá á móti honum og bifreiðarnar skullu saman (mynd 2).

2.2 Ökutækin

Bíltæknirannsókn

Bæði ökutækin voru tekin til bíltæknirannsóknar. Ekkert við bíltæknirannsókn kom fram sem gæti útskýrt orsök árekstursins.

Lexus fólksbifreiðin

Við bíltæknirannsókn Lexus bifreiðarinnar kom fram að hraði hennar 5 sekúndum fyrir áreksturinn var 48 km/klst en 28 km/klst við áreksturinn.

Í rannsókninni kom fram að ökumaður og farþegi í framsæti bifreiðarinnar hafi verið í öryggisbelti þegar slysið varð. Samkvæmt skýrslum vitna voru farþegar í aftursæti einnig í öryggisbeltum.

Bifreiðin var á negldum vetrarhjólborðum og var mynstursdýpt þeirra á bilinu 6,0 til 8,0 mm að framan og á bilinu 7,0 til 8,5 mm að aftan.

Toyota fólksbifreiðin

Við bíltæknirannsókn Toyota bifreiðarinnar kom fram að hraði hennar 5 sekúndum fyrir áreksturinn var 59 km/klst en 34 km/klst við áreksturinn.

Í rannsókninni kom fram að ökumaður og farþegar bifreiðarinnar hafi allir verið í öryggisbelti þegar slysið varð.

Bifreiðin var á negldum vetrarhjólborðum og var mynstursdýpt þeirra á bilinu 8 til 9 mm að framan og 9 mm að aftan.

2.3 Vegur og umhverfi

Seyðisfjarðarvegur er stofnvegur og er 8,0 m breiður á slyssað. Samkvæmt veghönnunarreglum er vegtegund C8 lægsta vegtegund sem almennt er notuð fyrir stofnvegi, og er hún skilgreind með 3,5 m breiðum akreinum og 0,5 m breiðum öxlum, eða samtals 8,0 m veggbreidd.

Á þeim vegkafla þar sem slysið varð var langhalli vegarins um 10%. Brekkan nær 10% halla á 115 metra kafla en er annars undir því. Í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar kemur fram að langhalli skuli vera eins lítill og kostur er.

Yfirborð vegar

Bundið slitlag er á veginum (klæðing). Vegurinn var þakinn snjó þegar slysið varð (mynd 6).


Vetrarþjónusta

Seyðisfjarðarvegur er hluti af vegakerfi Vegagerðarinnar þar sem vetrarþjónusta er skilgreind samkvæmt A-reglu. Samkvæmt þeirri reglu er vetrarþjónusta veitt alla daga vikunnar, á virkum dögum frá kl. 06:30 til 22:00 og um helgar frá kl. 07:00 til 21:30. (mynd 7)

Samkvæmt ferilvöktunarkerfi Vegagerðarinnar fór snjóruðningstæki um svæðið þar sem slysið varð kl. 11:48. Var svæðið þá bæði rutt og hálkvarið. Fyrr um morguninn hafði snjóblásari farið um svæðið og hreinsað fláa.



Mynd 6. Yfirborð vegar þegar fyrstu viðbragðsaðilar komu á staðinn.



Mynd 7. Vetrarþjónusta á Seyðisfjarðarvegi er samkvæmt reglu A , 7 daga í viku.

<https://umferdin.is/vetrarhjonusta>

Hæfni ökumanns

Að sögn ökumanns Toyota fólksbifreiðarinnar, sem var erlendur ferðamaður, þá hafði hann áður ekið í snjó og hálku á ferðalögum sínum en hann hafði verið með ökuskírteini í rúm fjögur ár þegar slysið varð.

3. Niðurstöður

3.1 Meginorsök slyssins

Toyota bifreiðin fór yfir á gagnstæðan vegarhelming í hálku.

Ökumaður Toyota bifreiðarinnar missti stjórn á henni þar sem yfirborð vegarins var hált. Bifreiðin fór yfir á gagnstæðan vegarhelming á sama tíma og Lexus bifreiðin kom úr gagnstæðri átt.

3.2 Aðrar orsakir slyssins

Ökumaður Toyota bifreiðarinnar ók of hratt miðað við aðstæður.

Leiðbeinandi hámarkshraði á slysstað var 60 km/klst en á slysstað var snjór og hálka á veginum og því veggrip skert.



Skýrsluna samþykktu til útgáfu:

Guðmundur Freyr Úlfarsson
Geirprúður Alfreðsdóttir
Guðrún Nína Petersen
Áslaug Árnadóttir
Guðrún María Svavarsdóttir

Reykjavík, 8. september 2026
Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Stjórnandi rannsóknarinnar
Björgvin Þór Guðnason